



Jafnréttisstofa

Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2018

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurslóð - 600 Akureyri
Sími: 460 6200 – Netfang: jafnretti@jafnretti.is www.jafnretti.is

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	4
Hlutverk Jafnréttisstofu	5
Fjárhagur	5
Starfsfólk	6
Eftirlit	6
Jafnlaunavottun	6
Jafnréttisáætlanir	6
Þátttaka kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum.....	7
Nefndaskipan stjórnarráðsins	7
Nefndaskipan sveitarfélaga.....	7
Fræðsla, upplýsingar, forvarnir	7
Beiðni um upplýsingar/viðtöl.....	7
Erindi og greinar.....	7
Fundir með hagsmunasamtökum	7
Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga.....	7
Móttaka gesta	8
Samtarfsverkefni	8
Break Free from Gender Stereotypes	8
Byggjum brýr, brjótum múra – samvinna í heimilisofbeldismálum.....	8
Jafnrétti á vinnustöðum	8
Karlur í hjúkrun.....	9
Konur í tækni.....	9
Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir.....	9
Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal	9
Útgáfa	9
Dagatal	9
Konur og karlar.....	10
Sérblað um jafnréttismál	10
Skýrsla um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna 2017	10
Vefsíða	10
Þú átt VON, vitundarvakning	10
Ráðgjöf og aðstoð	10

Erindi frá einstaklingum	10
Umsagnir um þingmál.....	10
Annað samstarf	11
Jafnréttisfulltrúar stjórnarráðsins	11
Jafnréttisráð	11
Samstarfshópar	11
Aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi	11
Endurskoðun jafnréttislaga	11
Kynjasambætting	11
Kynjuð fjárlagagerð	11
Mannréttindaskrifstofa Íslands	11
Stýrihópur sérfræðinga um framkvæmd vottunar- og faggildingarmála	11
Tækninefnd um jafnlaunakerfi.....	12
Umfang áreitni og eineltis.....	12
Velferðarvaktin	12

Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2018 var ár nýrra verkefna hjá Jafnréttisstofu. Í ársbyrjun tóku gildi breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sem gerir fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn skylt að öðlast jafnlaunavottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Þótt hlutverk Jafnréttisstofu í eftirliti með jafnlaunavottun sé ekki stórt hafði lagabreytingin mikil áhrif á starfsemina, ekki hvað síst vegna gríðarlegs áhuga fjölmargra aðila, innan lands sem utan, á því að fræðast um stöðu jafnréttismála á Íslandi.

Sumarið 2018 samþykkti Alþingi tvenn ný lög sem Jafnréttisstofu var falið að annast framkvæmd á frá 1. september sama ár. Hér er annars vegar um að ræða lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og hins vegar lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Árið 2018 var fyrsta heila starfsár undirritaðrar sem nýs framkvæmdastjóra en Kristín Ástgeirsdóttir hafði áður verið framkvæmdastýra Jafnréttisstofu í 10 ár. Töluverðar breytingar urðu í starfsmannahópnum á árinu og nýtt starfsfólk bættist í hópinn.

Ársskýrslan sem nú lítur dagsins ljós veitir yfirsýn yfir það sem helst var á döfinni hjá stofnuninni. Markmiðið í ár var að hafa skýrsluna stutta og hnitmiðaða.

Katrín B. Ríkarðsdóttir

Katrín Björg Ríkarðsdóttir,

framkvæmdastjóri

Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og frá 1. september 2018 annast stofnunin einnig stjórnslu í samræmi við lög nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Hlutverk Jafnréttisstofu eru skilgreind í 4. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Verkefni stofnunarinnar eru m.a. að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti,
- koma með tillögum að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laga þessara,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Árið 2018 heyrði Jafnréttisstofa undir velferðarráðuneytið og starfaði í umboði félags- og jafnréttismálaráðherra.

Fjárhagur

Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	104.000.000 kr.
Sértekjur	21.947.299 kr.
Flutt frá fyrra ári (verkefnastyrkur)	16.474.065 kr.
Laun og launatengdur kostnaður	97.001.480 kr.
Húsnæði	11.826.119 kr.
Annar kostnaður	32.379.755 kr.
Niðurstaða ársins	1.214.010 kr.

Starfsfólk

Níu manns, 6 konur og 3 karlar, í 7,78 stöðugildum störfuðu hjá Jafnréttisstofu á árinu.

Nafn	starfsheiti	ráðningarár
Arnfríður Aðalsteinsdóttir	sérfræðingur	2008
Bergljót Prastardóttir	sérfræðingur/sviðsstjóri	2008, í leyfi 2018
Fríða Rós Valdimarsdóttir	sérfræðingur	2017, tímabundin ráðning
Hjalti Ómar Ágústsson	sérfræðingur	2018, tímabundin ráðning
Hugrún R. Hjaltadóttir	sérfræðingur	2005
Jón Fannar Kolbeinsson	lögfræðingur/sviðsstjóri	2018
Katrín Björg Ríkarðsdóttir	framkvæmdastjóri	2000-2003, 2017
Kristín Ólafsdóttir	sérfræðingur	2018
Tryggvi Hallgrímsson	sérfræðingur	2009
Úlfhildur Jóna Þórarinsdóttir	rekstrarstjóri	2017

Eftirlit

Jafnlaunavottun

Þann 1. janúar 2018 tók gildi breyting á lögum nr. 10/2008 sem fól í sér skyldu fyrirtækja og stofnana þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli til að öðlast vottun á jafnlaunakerfum sem uppfylla kröfur staðalsins ÍST 85. Hlutverk Jafnréttisstofu felst í því að veita þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hlotið hafa vottun heimild til að nota jafnlaunamerki og einnig að halda skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem öðlast hafa vottun. Í árslok 2018 voru 42 fyrirtæki og stofnanir á skrá Jafnréttisstofu.

Með reglugerðarbreytingu í nóvember 2018 var Jafnréttisstofu falið að veita bráðabirgðastarfsleyfi til vottunarstofa.

Jafnréttisstofa hefur fylgst vel með framgangi og stjórnslu vegna jafnlaunavottunar og sent ábendingar til félags- og jafnréttismálaráðherra um þætti sem taka þarf til skoðunar.

Jafnréttisáætlanir

Eftirlit Jafnréttisstofu felst m.a. í innköllun jafnréttisáætlana frá fyrirtækjum og stofnunum með 25 starfsmenn eða fleiri á þriggja ára fresti og frá sveitarfélögum á fjögurra ára fresti. Einnig kallar Jafnréttisstofa reglulega eftir skýrslum um stöðu og framgang mála frá þessum sömu aðilum.

Í upphafi árs hófst innköllun jafnréttisáætlana hjá fyrirtækjum með 250 starfsmenn eða fleiri. Innköllunin náði til 115 fyrirtækja og skiluðu tæp 90% (103) þeirra fullnægjandi áætlunum.

Haustið 2018 var kallað eftir jafnréttisáætlunum frá grunnskólum og náði innköllunin til 170 skóla. Í árslok 2018 höfðu tæp 66% skólanna (112) skilað Jafnréttisstofu umbeðnum gögnum.

Haustið 2018 var kallað eftir skýrslum um stöðu og framgang jafnréttismála frá leikskólum. Innköllunin náði til 254 skóla, 150 þeirra brugðust við. Til að einfalda skólastjórnendum skýrslugerðina eru þeir beðnir að svara spurningakönnun um hvernig staðið er að jafnréttismálum innan skólanna.

Pátttaka kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum

Skv. 15. gr. laga nr. 10/2008 skal við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Jafnréttisstofa kannar árlega stöðuna á nefndaskipan stjórnarráðsins.

Nefndaskipan stjórnarráðsins

Þegar litið er til meðaltals á skiptingu nefndasæta í öllum ráðuneytum eftir kyni kemur í ljós að á árinu 2017 var hlutur kvenna 48% og hlutur karla 52%.

Nánari greiningu má sjá í samantekt: <https://www.jafnretti.is/static/files/Skyrslur/nefndir-og-rad-skyrsla-2017.pdf>

Nefndaskipan sveitarfélaga

Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar vorið 2018 og Jafnréttisstofa kallaði af því tilefni eftir upplýsingum frá öllum sveitarfélögum um kynjaskiptingu í fastanefndum. Í árslok höfðu borist upplýsingar frá 59 af 72 sveitarfélögum.

Fræðsla, upplýsingar, forvarnir

Beiðni um upplýsingar/viðtöl

Starfsfólk Jafnréttisstofu tók við á fjórða tug beiðna frá innlendum og erlendum aðilum um upplýsingar um málefni á starfssviði stofnunarinnar. Mestur var áhuginn á jafnlaunavottun.

Erindi og greinar

Starfsfólk Jafnréttisstofu er á ári hverju með tugi innleggja í formi ávarpa, erinda, fræðslu og fundastjórnunar á fundum, málþingum, námskeiðum og ráðstefnum innan lands sem utan. Þá ritaði starfsfólk einnig greinar sem birtar voru á heimasíðu stofnunarinnar sem og í fjölmiðlum.

Fundir með hagsmunasamtökum

Í kjölfar þess að lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna tóku gildi 1. september boðaði Jafnréttisstofa fulltrúa hagsmunasamtaka til samtals. Farið var yfir gildissvið laganna og rætt um samstarfsfleti. Í framhaldinu kallaði Jafnréttisstofa eftir upplýsinga- og fræðsluefni frá hagsmunasamtökunum og stéttarfélögum til þess að birta á vefsíðu sinni.

Jafnréttisstofa átti einnig fund með forsvarsfólki BHM og BSRB þar sem m.a. var rætt um gildistöku laganna.

Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga

Árlegur landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga var haldinn í Mosfellsbæ dagana 20.-21. september í samvinnu Mosfellsbæjar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jafnréttisstofu. Yfirskrift fundarins var Ungt fólk og jafnréttismál.

Móttaka gesta

Starfsfólk Jafnréttisstofu tók á móti 15 beiðnum um heimsóknir. Flestar voru frá erlendum aðilum sem vildu kynna starfsemi stofnunarinnar og fræðast um jafnréttismál á Íslandi.

Samtarfsverkefni

Break Free from Gender Stereotypes

Verkefnið er leitt af Skrifstofu framkvæmdastjóra jafnréttismála í Eistlandi og unnið í samstarfi við samstarfsaðila í Eistlandi og Litháen. Markmið verkefnisins er að brjóta upp hefðbundnar staðalmyndir kynjanna og kynbundið náms- og starfsval. Á vegum verkefnisins hafa verið gerðir 10 leiknir sjónvarpsþættir ætlaðir ungu fólki. Einnig verða gefnar út handbækur fyrir kennara og náms- og starfsráðgjafa, rafrænn gagnvirkur leikur og útvarpsþættir. Allt efnið verður aðgengilegt á heimasíðu verkefnisins <https://bre-ak.eu/is/>. Verkefnið er styrkt af Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Byggjum brýr, brjótum múra – samvinna í heimilisofbeldismálum

Verkefnið hlaut styrk úr áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt. Það er unnið í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Ríkislögreglustjóra, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Lögregluna á Norðurlandi eystra, Lögregluna á Suðurnesjum, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Meginmarkmið verkefnisins er að uppræta ofbeldi í nánnum samböndum á Íslandi og er lagt upp með að tilkynningum til lögreglu muni fjölga um 20% á þeim 30 mánuðum sem verkefnið stendur, frá apríl 2017 til september 2019.

Á árinu 2018 fór af stað vitundarvakning í formi myndbanda undir yfirskriftinni Þú átt VON þar sem sjónum er beint að þeim fjölda úrræða sem standa brotaþolum og gerendum í heimilisofbeldismálum til boða. Vitundarvakningin fékk tilnefningu til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna, í flokki almannaheillauglýsinga ársins 2018. Myndböndin hafa verið þýdd og textuð yfir á ensku auk þess sem eitt þeirra hefur einnig verið þýtt og textað á pólsku.

Jafnréttisstofa framleiddi netnámskeið um heimilisofbeldi en það samanstendur af 13 myndböndum með fyrirlestrum fagfólks sem starfar í nánnum tengslum við fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Markmiðið með námskeiðinu er að auka þekkingu fagfólks um land allt á heimilisofbeldi og auðvelda svör við spurningum, til að mynda: Hvernig berum við kennsl á þolendur og gerendur? Hvernig skal bregðast við? Hvaða úrræði eru fyrir hendi á Íslandi? Hverju þarf að huga að við vinnslu á málum er varða fatlað fólk, barnshafandi einstaklinga, fólk af erlendum uppruna, hinsegin fólk og einstaklinga af öðrum minnihlutahópum?

Nálgast má útgefið efni og allar upplýsingar um verkefnið á heimasíðu þess www.jafnrett.is/von.

Jafnrétti á vinnustöðum

Jafnréttisstofa var samstarfsaðili lðunnar fræðsluseturs í norrænu verkefni sem snerist um jafnrétti og vinnustaðanám í iðn- og starfsgreinum. Markmiðið var að vekja máls á umræðunni um jafnrétti til iðnnáms óháð kyni.

Karlar í hjúkrun

Jafnréttisstofa hafði á árinu samstarf við norsku samtökin Reform um rannsókn á viðhorfum og vinnuumhverfi í hjúkrunarnámi á háskólastigi. Rannsóknarverkefnið hefur að markmiði að rannsaka aðferðir kennslu til að setja fram tillögur um leiðir til að auka hlut karla í hjúkrunarfræði og námi á sviðum heilbrigðisvísinda. Meðal þess sem rannsóknin skoðar er námsefni í hjúkrunarfræðinámi með sérstöku tilliti til myndefnis og staðalmynda. Aðrir samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Hróarskeldu í Danmörku. Rannsókninni lýkur árið 2019 og verða niðurstöður kynntar sem liður í umræðum um tillögur í lokaskýrslu.

Konur í tækni

Jafnréttisstofa veitti ráðgjöf við rannsókn á áhrifum vinnuumhverfis í námi í greinum á sviðum tölvunarfræði. Rannsóknarverkefnið var styrkt af rannsóknarsjóði Norrænu upplýsingamiðstöðvarinnar um kynjajafnrétti, NIKK. Verkefninu var stjórnað af myndmiðlunartækisviði Nord Háskólans í Noregi. Liður í samstarfinu fólst í fyrirlestri og þátttöku í vinnustofu með starfsfólki og nemendum í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík.

Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir

Verkefnið Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir er samstarfsverkefni skóla, vinnustaða, fagfélaga og annarra sem láta sig jafnréttismál varða. Markmiðið er að vinna gegn kynbundnum staðalmyndum sem takmarka frelsi einstaklingsins. Fundað var reglulega með þátttakendum sem töldu samstarf skólastiga og samstarf skóla og atvinnulífs mjög mikilvægt þegar unnið er gegn kynbundnu náms- og starfsvali. Hópurinn sem að verkefninu kom lagði áherslu á að efla þyrfti jafnréttis- og kynjafræði í kennaranámi þannig að kennarar væru betur í stakk búnir til að flétta jafnréttis- og kynjasjónarmið inn í allt skólastarf.

Samráðsvettvangur um jafnlaunakerfi í Portúgal

Jafnréttisstofa er þátttakandi í verkefni ráðuneytis vinnumarkaðsmála í Portúgal, sem hefur að markmiði að hanna samráðsvettvang um þróun jafnlaunakerfis á portúgölskum vinnumarkaði. Samstarfið felur í sér þátttöku um hönnun rannsóknar og kortlagningu þekkingar um jafnlaunamál í Portúgal ásamt samanburði við Ísland. Jafnréttisstofa mun bera ábyrgð á miðlun þekkingar um jafnlaunastaðalinn ÍST 85 og ráðgjöf um reynslu Íslendinga af hönnun stjórnunarstaðals um jafnlaunakerfi. Verkefnið er styrkt af uppbyggingarsjóði EES. Að loknum frekari undirbúningi er áætlað að vinna við verkefnið hefjist formlega haustið 2019.

Útgáfa

Dagatal

Jafnréttisstofa hefur árlega gefið út dagatal sem dreift er til fyrirtækja og stofnana um land allt. Dagatal ársins var helgað kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti á vinnustöðum og var gefið út í samstarfi við Vinnueftirlitið.

Konur og karlar

Árleg útgáfa á talnaefni í samstarfi við Hagstofu Íslands kom út 8. mars. Efnið er gefið út á íslensku og ensku.

https://www.jafnretti.is/static/files/2018/konur_og_karlar_2018_net.pdf

https://www.jafnretti.is/static/files/2018/women_and_men_2018_net.pdf

Sérblað um jafnréttismál

Í samstarfi við Fréttablaðið gaf Jafnréttisstofa út sérblað um jafnréttismál sem dreift var 24. október. Áhersla var lögð á að kynna nýja löggjöf um jafna meðferð.

Skýrsla um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna 2017

Jafnréttisstofa tekur árlega saman stöðuna og gefur út í skýrsluformi.

<https://www.jafnretti.is/static/files/Skyrslur/nefndir-og-rad-skyrsla-2017.pdf>

Vefsíða

Endurbætt vefsíða www.jafnretti.is með nýju útliti var opnuð á haustdögum. Fréttir og greinar á árinu voru 62. Endurbætur á enskri útgáfu heimasíðunnar voru í vinnslu á haustdögum 2018.

Þú átt VON, vitundarvakning

Kynning og sýnileiki úrræða fyrir þolendur og gerendur í heimilisofbeldismálum var tilgangur vitundarvakningar Jafnréttisstofu sem bar heitið Þú átt VON. Þar var áhersla á að draga fram þann fjölda úrræða sem fyrirfinnast víða um land. Vitundarvakningin byggir á fimm myndböndum sem finna má á www.jafnretti.is/von. Myndböndin hafa öll verið textuð á ensku og eitt þeirra einnig á pólsku.

Vitundarvakningin hlaut tilnefningu til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna, í flokki almannaheillauglýsinga.

Ráðgjöf og aðstoð

Erindi frá einstaklingum

Alls bárust 39 beiðnir um ráðgjöf frá einstaklingum sem töldu brotið á sér skv. þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með.

Umsagnir um þingmál

Alls voru sendar til Alþingis átta umsagnir. Sjá nánar: <https://www.jafnretti.is/is/um-jafnrettisstofu/umsagnir-um-thingmal>

Annað samstarf

Jafnréttisfulltrúar stjórnarráðsins

Jafnréttisstofa veitir faglega ráðgjöf og leiðsögn til jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna og heldur starfsmaður stofnunarinnar utan um samstarf fulltrúanna.

Jafnréttisráð

Jafnréttisstofa sinnti á árinu sérfræði- og skrifstofuþjónustu við Jafnréttisráð skv. samningi þar um.

Samstarfshópar

Aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði á árinu aðgerðahóp í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Jafnréttisstofa á fulltrúa í aðgerðahópnum.

Endurskoðun jafnréttislaga

Jafnréttisstofa á fulltrúa í starfshópi um undirbúning endurskoðunar laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og stjórnarsýslu jafnréttismála.

Kynjasambætting

Undir forystu velferðarráðuneytisins er unnið að heildstæðri áætlun um sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins. Jafnréttisstofa á fulltrúa í verkefnastjórn.

Kynjuð fjárlagagerð

Jafnréttisstofa á fulltrúa í verkefnastjórn um innleiðingu kynjaðrar fjárlagagerðar sem skipuð var af fjármálaráðherra.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofunni og átti á árinu fulltrúa í stjórn skrifstofunnar.

Stýrihópur sérfræðinga um framkvæmd vottunar- og faggildingarmála

Fulltrúi Jafnréttisstofu situr í hópnum sem skipaður var af félags- og jafnréttismálaráðherra á árinu. Hlutverk hópsins er að fjalla um þau álitamál sem upp hafa komið í innleiðingu á jafnlaunastaðli ÍST 85 og tryggja framgang jafnlaunavottunar í samræmi við lög.

Tækninefnd um jafnlaunakerfi

Stjórn Staðlaráðs Íslands endurvakti á árinu tækninefnd um jafnlaunakerfi og á Jafnréttisstofa fulltrúa í nefndinni. Verkefni nefndarinnar er að endurskoða staðalinn ÍST 85 – Jafnlaunakerfi, kröfur og leiðbeiningar.

Umfang áreitni og eineltis

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipaði á árinu nefnd í því skyni að meta umfang kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis auk eineltis á íslenskum vinnumarkaði sem og aðgerðir vinnuveitenda í tengslum við slík mál á vinnustöðum. Jafnréttisstofa á fulltrúa í nefndinni.

Velferðarvaktin

Jafnréttisstofa á fulltrúa í velferðarvaktinni sem er samstarfsvettvangur félagasamtaka og stjórnvalda um almenna velferð á Íslandi.